

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 24. júní 2020 í máli nr. 37/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 24. maí 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili. Sóknaraðili telur að sjónvarpstæki sem hann keypti af varnaraðila hafi verið haldið galla við afhendingu og krefst þess aðallega að varnaraðili afhendi honum nýtt sambærilegt sjónvarpstæki. Til vara krefst sóknaraðili þess að varnaraðili geri við sjónvarpstækið á eigin kostnað.

### II

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Sóknaraðili festi kaup á sjónvarpstæki af gerðinni Enox 65“ af varnaraðila þann 14. ágúst 2017 fyrir 99.000 krónur á svokölluðu gámatilboði. Sjónvarpstækið var afhent sóknaraðila fjórum mánuðum síðar eða þann 12. desember 2017.

Tæplega tveimur árum síðar, þann 1. desember 2019, tilkynnti sóknaraðili um bilun tækisins til varnaraðila. Var sjónvarpstækið í kjölfarið sent til viðgerðar á verkstæði þann 24. mars 2020 með flutningsfyrirtækinu Landflutningum. Að sögn sóknaraðila hafði hann samband við varnaraðila þann 8. maí 2020 og óskaði eftir upplýsingum um viðgerð tækisins. Varnaraðili kvaðst að sögn sóknaraðila ekki hafa vitjað tækisins til Landflutninga þrátt fyrir tilkynningu frá Landflutningum um að sending biði varnaraðila. Hafi útskýring varnaraðila verið sú að fyrirtækið væri ekki í samstarfi við Landflutninga. Að sögn sóknaraðila hafði varnaraðili ekki gefið honum leiðbeiningar um það hver ætti að flytja sjónvarpstækið til viðgerðar hjá varnaraðila. Þann 13. maí 2020 kveðst sóknaraðili hafa fengið upplýsingar frá varnaraðila um að sjónvarpstækið væri komið til viðgerðaraðila. Hins vegar væri tækið ekki lengur í ábyrgð þar sem það hefði ekki borist til viðgerðar innan ábyrgðartíma. Sóknaraðili bendir á að tilkynning um bilun tækisins hafi borist varnaraðila innan þeirra tímamarka sem ákvæði 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup mæli fyrir um, óháð því hvenær tækið barst varnaraðila. Þá eigi umrætt sjónvarpstæki að endast lengur en almennt gerist um söluhluti og tilkynningarfrestur vegna galla sé því fimm ár. Sóknaraðili telur að sjónvarpstækið hafi verið haldið galla við afhendingu og krefst þess aðallega að varnaraðili afhendi honum nýtt sambærilegt sjónvarpstæki. Til vara krefst sóknaraðili þess að varnaraðili geri við sjónvarpstækið á eigin kostnað.

Með kvörtun sóknaraðila barst myndband sem sóknaraðili telur sýna galla á virkni sjónvarpstækisins. Engin önnur gögn bárust með kvörtun.

Samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur kærunefnd vöru- og þjónustukaupa vísað máli frá nefndinni þegar kvörtun er metin ótæk til meðferðar. Frávísun kvörtunar með vísan til framangreinds

ákvæðis á við ef kvörtun er svo óljós, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að mál sé ekki tækt til úrskurðar.

Í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa segir að kæruneftndin geti óskað eftir því að málsaðilar leggi fram gögn í málinu. Þá segir í 4. mgr. sama ákvæðis:

*Sé kvörtun metin ótæk til meðferðar, skv. e-lið 1. mgr. 14. gr. laga um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur nefndin veitt neytanda stuttan frest til úrbóta.*

Þann 24. maí 2020 sendi kæruneftndin sóknaraðila bréf með ósk um framlagningu gagna til stuðnings kröfu sóknaraðila í málinu. Krafan var ítrekuð þann 26. maí 2020. Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindum óskum um frekari gögn.

Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem staðfesta kaup sóknaraðila á sjónvarpstæki af gerðinni Enox 65“ af varnaraðila fyrir 99.000 krónur þann 14. ágúst 2017. Þá hafa ekki verið lögð fram frekari gögn til stuðnings kröfu sóknaraðila.

Kæruneftndin telur sér ekki fært að kveða upp úrskurð á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir í málinu. Verður því að vísa kröfu sóknaraðila frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. e. liður 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

Kæruneftndin bendir á að sóknaraðili getur óskað eftir því að málið verði tekið til meðferðar að nýju með framlagningu gagna til stuðnings kröfu sinni.

### III

#### Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson